

## Opinn rafmagnsmarkaður

Frá og með 1. janúar 2006 geta raforkukaupendur samið um að kaupa rafmagn af þeim sem þeir kjósa, hvort sem er til atvinnurekstrar, heimilisnotkunar eða annarra hluta. Á rafveitum hvílir sú skylda að upplýsa nýja kaupendur raforku um réttind þeirra í þessum efnum.

Dreifiveitum sem sjá um dreifingu raforku til notenda ber lagaskylda til að gera nýjum raforkukaupendum skýra grein fyrir rétti sínum til að velja sér raforkusala.

Nýir kaupendur teljast þeir vera sem:

fá rafmagn í nýjar íbúðir eða ný hús eða

hafa ekki keypt rafmagn undanfarna 12 mánuði.

Nýr notandi fær strax afhent rafmagn en fær fjögurra vikna umþóttunartíma til að kynna sér það sem í boði er og semja um rafmagnskaup sín. Hafi hann ekki undirritað raforkusamning að fjórum vikum liðnum við dreifikerfið ber dreifiveitunni á svæðinu að sjá honum áfram fyrir rafmagn. en ofan á söluverð þess leggst þá aukagjald sem fellur niður þegar kaupandinn hefur gert raforkukaupasamning.

Athuga ber þó að:

Samkeppnin nær einungis til framleiðslu og sölu rafmagns. Flutningur þess og dreifing verða áfram sérleyfisstarfsemi en undir eftirliti Orkustofnunar.

Sé ekki óskað eftir viðskiptum við nýjan raforkusala fá notendur rafmagnnið áfram hjá þeim orkusala, sem þeir hafa fengið rafmagnnið frá hingað til, en geta hins vegar hvenær sem er fært viðskiptin til annars raforkusala.

Hafi orkukaupandi ekki undirritað raforkusamning að fjórum vikum liðnum frá því að hann hóf notkun orkunnar leggst þá aukagjald ofan á söluverðið sem fellur ekki niður fyrir en kaupandinn hefur gert raforkukaupasamning.

Upplýsingar um raforkusala er að finna á vef Neytendastofu <http://www.neytendastofa.is/> og hægt er að bera saman verð á orku á vef Orkustofnunar <http://www.os.is/> Þá er rétt að benda á nánari upplýsingar sem er að finna á vef Orkustofnunar og fjalla um opinn rafmagnsmarkað <http://www.os.is/page/raforkuverd>

Upplýsingablað þetta er afhent öllum nýjum kaupendum raforku sem tengjast veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar.